

**4. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla, 12.12.2006 kl. 18 - 19. Mættar:
Hrönn, Þórleif, Jóhanna og María.**

1. Netfangið er of langt, foreldrafelag.flataskola@flataskoli.is, sp. um biðja Sigurjón að breyta því í ff@flataskoli.is.
2. Matarmál, örbylgjuofnar. Þar sem skólastjóri er mótfallinn hugmyndinni, þá verða örbylgjuofnar ekki keyptir í bili. Svæðaráð Garðabæjar þar sem foreldrafélagið á fulltrúa er að vinna stíft í matarmálum skólanna um þessar mundir, málið verður skoðað þegar sú vinna hefur farið fram.
3. Ákv. að stjórn for.félagsins hittist framvegis 2. mánudag í hverjum mánuði kl. 17:30 á kaffistofu kennara og oftast ef þörf krefur í kringum viðburði eins og fræðslufundi, jólaföndur og vor/hausthátíð.
4. Bekkjarfulltrúafundur, óþarfi að halda slíkan fund aftur í janúar nk. þar sem stutt er síðan fundur var haldinn með bekkjarfulltrúum. Senda þarf bréf til bekkjarfulltrúa og undirstrika hlutverk þeirra og minna sérstaklega á foreldrasamninga og vinahópa.
5. Bréf til bekkjarfulltrúa í janúar og skerpa á áherslum fyrir vorönnina, s.s. minna á foreldrasamninga, félagsgjöld ofl.
6. Nefndir, koma þarf þeim af stað strax eftir áramót. Þ.e. umferðarnefnd (strætó og öryggismál) og tómsundaheimilisnefnd (húsnæði, heimanám fyrir nemendur 5. – 7. bekkjar?, stefnumótun sameiginleg með hinum tómsundaheimilum bæjarins.)
7. Fræðslufundur í mars 2007. Biðum eftir fundi Svæðaráðs 10.01.2007 áður en frekari ákv. teknar varðandi það mál. Hugmyndin er að fá fleiri skóla með í að halda fræðslufund þar sem kostn. er talsverður við að fá góðan fyrirlesara.
8. Skólafatnaður, áhugi á stuttermabolum og jafnvel síðermabolum, þarf að skoða betur, framl. Henson, Jako, fleiri? Skoða hvar Hjallastefnan ehf. kaupir fatnað sinna nemenda.

f.h. stjórnar Foreldrafélags Flataskóla, Þórleif Hjartardóttir ritari